

Nd.

510. Nefndarálit

nm frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Til nefndarinnar hefir verið vísað frv. á þskj. 200, um 6 nýjar símalínur í Suður-Pingeyjarsýslu. Síðan hafa svo komið fram breytingartillögur við frv., á þskj. 201, 205, 212, 218 og 259, um símalagnir í Dalasýslu, Vestur-Ísafjarðar-, Mýra-, Borgarfjarðar-, Norður-Múla- og Norður-Pingeyjarsýslum.

Allar framangreindar línur nema samtals 280—300 röstum, og er þeim víðast ætlað að liggja um sveitir, sumstaðar fjölmennar. Óviða falla þær saman við eldri landssímalínur, og ættu því flestar þeirra að geta verið einþræðar og ódýrar.

Fæstir línuvegirnir hafa verið mældir eða rannsakaðir svo, að kostnaðaráætlun verði á því byggð. Telja má þó víst, eftir lauslegri áætlun, að lagning allra þessara lína mundi kosta 300—350 þús. kr.

Nefndin hefir leitað álits landssímastjóra um línur þessar, og telur hann ólíklegt, að nokkur af þessum nýju línum geti orðið lögð á 5—6 næstu árum, þótt frv. með öllum brtt. verði samþykkt á þessu þingi, og álitur hann því samþykkt frv. óþarfa að sinni.

Þörfina á útfærslu símakerfisins viðurkennir nefndin að vísu, einkum á fjölbygðari stöðum landsins, en álitur hinsvegar nauðsyn bera til þess, að fengið verði óhlutdrægt yfirlit, með mælingum og kostnaðaráætlunum, um helstu línu-

leiðir, sem taka ætti upp í viðbót við þær, sem þegar eru lögfestar. Viðist henni sem nefnt frv. og brtt. miðist ekki nema að nokkru leyti við þörf þeirra hjeraða, sem lakast eru sett um símanot. Að áliti nefndarinnar mundi þó varla rjett að hafna sumum þessum till., en samþykkja aðrar, því að hvarvetna er þörfin meira eða minna aðkallandi.

Fyrir þessa skuld leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÓKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að heildaryfirlit vantar yfir tiltækilegar og nauðsynlegar símalagningar viðsvegar um landið, eins og líka vegna þess, að ábyggilegar mælingar og kostnaðaráætlanir skortir um margar af línunum þeim, sem frv. og brtt. ræða um, sem og fyrir þá sök, að engar líkur eru til framkvæmda um símalagningar á næstu árum framar því, sem lögákveðið er, en landssímastjóri hinsvegar mótfallinn málinu, telur deildin ekki næga ástæðu til að samþykkja frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1927.

Kl. Jónsson,
form.

Sveinn Ólafsson,
frsm.

Hákon J. Kristófersson,
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson.

Jón Ólafsson.